

- 1.3 Fyrir flugvélar yfir 5.700 kg að þyngd greiðast kr. 100 000 að viðbættum kr. 3 fyrir hvert kg.
- 1.4 Fari skoðun fram erlendis greiðast enn fremur fargjöld skoðunarmanns og dagpeningar samkvæmt kjarasamningi starfsmanna ríkisins.

## 2. Skírteinisgjöld flugliða.

- 2.1 Fyrir skrifleg og verkleg prófskírteini flugliða greiðast eftirfarandi prófgjöld:

	Skriflegt próf	Verklegt próf
Einkaflugmaður .....	kr. 10 000	kr. 8 000
Atvinnuflugmaður .....	— 12 000	— 8 000
Atvinnuflugmaður m. m. prófi .....	— 15 000	— 10 000
Blindflugsréttindi .....	— 12 000	— 10 000
Flugkennararéttindi .....	— 10 000	— 8 000
Flugumsjónarmaður .....	— 15 000	
Flugvélavirki (tegundarréttindi) .....	— 4 000	

- 2.2 Við endurnýjun skírteinis greiðast kr. 4 000.

## 3. Almenn ákvæði.

- 3.1 Gjöld fyrir verkleg próf skírteinis flugliða greiðast til prófdómara. Önnur gjöld greiðast hjá gjaldkera flugmálastjórnar Reykjavíkurflugvelli.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt lögum um loftferðir nr. 31 21. maí 1961, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 95 12. febrúar 1979, um sama efni.

*Samgönguráðuneytið, 23. apríl 1980.*

**Steingrímur Hermannsson.**

*Birgir Guðjónsson.*

# REGLUGERÐ

## um einkennisbúninga og búnað lögreglumanna.

### I. Gerð einkennisfatnaðar.

- A. Einkennisfatnaður almennra lögreglumanna skal vera:

- Húfa** skal vera úr hvítu efni með 5 cm breiðri uppistandandi gjörð, 5 cm breiðri reisu, kringlóttum, hvítum, flötum kalli, gljáleðursskyggni og hökuól, er fest sé á gjörðina með tveimur litlum einkennishnöppum. Á gjörðinni skal vera svartur borði úr upphleyptu efni. Framan á borðanum og upp á reisinna skal vera gyllt lögreglumerki úr málm (lögreguskjöldur). Á húfum yfirlögregluþjóna skal vera ísaumaður gylltur laufborði á skyggninu, 5 cm breiður og gyllt hökuól. Á húfum aðstoðaryfirlögregluþjóna skal vera gyllt hökuól.
- Jakki** skal vera úr svörtu klæðisefni, með venjulegum kraga, einhnepptur, með fjórum einkennishnöppum af stærri gerð, axlarborðum úr málm, klæddum sama efni og í jakkanum, bryddir ofan á jöðrum með 1 cm gylltum leggingum, festir við axlarbrún með stórum einkennishnappi, en litlum

einkennishnappi nær kraga. Á hvorri ermi skulu vera 3 einkennishnappar af minni gerð langs með ermasaum fremst. Á jakkanum skulu vera tveir brjóstvasar með hnepptu loki og lokin hneppt með litlum einkennishnöppum. Jakkalöf skulu fest við með þversaum að framan og á hliðum, en bakstykki heil niður með tveimur fellingum og klauf. Yfir mitti skal vera svart leðurbelti spennt með koparsylgju og fest upp á hliðum með koparkrókum. Tveir innri brjóstvasar skulu einnig vera á jakkanum.

3. **Vesti** skal vera úr sama klæðisefni og jakkinn með fjórum vösum, hneppt með einfaldri röð hinna minni einkennishnappa, 5—7 að tölu.
4. **Buxur** skulu einnig vera úr sama klæðisefni, síðar, án uppbrota, með fjórum vösum og kylfuvasa innan í hægri hliðarvasa.
5. **Frakki I** skal vera úr svörtu frakkaklæði, síður á kálfa, vasalaus að utan en með tveimur innri brjóstvösum og einum innri vasa neðanvert við mitti. Frakkinn skal vera með venjulegum kraga, tvíhnepptur með stærri gerð einkennishnappa, 5 í hvorri röð og þannig festum, að hneppa megi upp í háls. Á baki skulu vera tvær fellingar niður frá mitti, teknar saman með speldi í mittið. Speldið skal fest saman í miðju með stórum einkennishnappi og 3 stórir einkennishnappar skulu vera niður eftir hvorri fellingu. Í klauf að aftan skulu vera þrír litlir einkennishnappar og á ermum hnappalaus uppslög.
6. **Frakki II** skal vera úr svörtu eða dökkbláu frakkaklæði, einhnepptur, stuttur, með gærufóðri, 2 vösum og loðkraga. Rennilás innra og einföld röð með 4—5 stórum einkennishnöppum ytra, skal vera framan á frakka II. Endurskinsbryddingar skulu vera neðst á frakkanum og ermum.
7. **Kápa** skal vera úr svörtu, vatnspéttu rykfrakkaefni, tvíhneppt, fóðruð, með tvöfaldri röð stórra einkennishnappa, 5 í hvorri röð, og tveimur einkennishnöppum á bakspeldi, og tveimur hliðarvösum með loki. Endurskinsbryddingar skulu vera neðst á kápu og ermum.
8. **Loðhúfa** skal vera úr svörtu loðskinni, og skal lögregluskjöldur festur framan á hana.

#### B. Einkennisfatnaður lögreglumanna á bifhjólum skal vera:

1. **Buxur** skulu vera með re'ðbuxnasniði úr teygjanlegu efni. Tveir bakvasar, tveir vasar að framan, auk kylfuvasa og vasa fyrir málband eða handjárn. Teygja neðst á skálmunum, undir iljarnar.
2. **Leðurjakki** skal vera svartur mittisjakki með gylltum axlarspjöldum úr mjúku plastefni, bryddum ofan á jöðrum með 1 cm gylltum leggingum. einn lífill og einn stór einkennishnappur á hvoru spjaldi, og hvítu beltí með axlaról. Jakkinn er með rennilás að framan. Tveir brjóstvasar, utanáliggjandi, með smelltum lokum og tveir vasar innaná jakkanum. Ermar skulu vera þröngar að framan og með rennilás.
3. **Öryggishjálmur** skal vera hvítur úr trefjaplasti með deri og smelltur undir hökuna. Lögregluskjöldur skal vera framan á hjálminum.
4. **Hanskar** skulu vera svartir úr leðri eða öðru sambærilegu efni, fóðraðir, með hvítum uppslögum.
5. **Leðurstígvél** skulu vera svört með reiðstígvélasniði.
6. **Frakki II** verði eins og frakki II almennra lögreglumanna.
7. **Regnfatnaður** skal vera tvískiptur, þ. e. regnjakki og regnbuxur, svartur, úr vatnsheldu efni með endurskinsbryddingum.
8. **Gúmmistígvél** skulu vera svört með reiðstígvélasniði og endurskinsborðum.
9. **Trefill** skal vera skv. D lið 5.
10. **Belti** vegna umferðarstjórnar skal vera skv. kafla I, D lið.

**C. Einkennisfatnaður kvenlögreglu skal vera:**

1. Húfa skal vera með hvítum kolli og svörtum börðum með lögregluskildi að framan.
2. Jakkar skulu vera af sömu gerð og jakkar almennra lögreglumanna.
3. Buxur eða pils skulu vera úr svörtu klæðisefni. Buxur skulu vera síðar, án uppbrota.
4. Skyrta verði skv. I. kafla D lið.
5. Frakki I skal vera af sömu gerð og frakkar almennra lögreglumanna.
6. Frakki II skal vera af sömu gerð og frakkar almennra lögreglumanna.
7. Regnkápa skal vera af sömu gerð og regnkápa almennra lögreglumanna.
8. Loðhúfa skal vera úr svörtu loðskinni með lögregluskildi framan á húfunni.

**D. Annar einkennisfatnaður lögreglumanna og búnaður:**

1. Lögreglumenn, sem bera númer, skulu vera í ljósbláum skyrtnum, en aðrir lögreglumenn skulu vera í hvítum skyrtnum.
2. Lögreglumenn skulu klæðast svörtum sokkum, ef þeir eru í lágum skóm.
3. Skór skulu vera svartir og flatbotna. Skóhlífar og stígvél skulu vera svört.
4. Hálsbindi skulu vera úr svörtu efni.
5. Treflar skulu vera svartir.
6. Hanskar skulu vera hvítir eða svartir.
7. Belti skal vera hvítt með axlaról og hanka v. megin fyrir hvíta umferðarstjórnarkylfu eða ljósakylfu.
8. Lögreglumenn í einkennisfatnaði skulu ávallt bera flautu, er hneppist í vinstri brjóstvasa, og festist með gylltri festi í ytri hnapp á vinstra axlarspeldi jakkans.
9. Handjárn og kylfa skal ávallt borin með einkennisfatnaði.
10. Til afnota fyrir lögreglumenn getur lögreglustjóri útvegað, sé þess þörf að hans mati, öryggishjálma, sloppa, samfestinga, vettlinga til hlífðar og gúmmístígvél.

**II. Klæðaburður lögreglumanna.**

1. Stöðu sinnar og virðingar vegna verða lögreglumenn ætíð að vera hreinlegir og snyrtilegir til fara. Fatnaði sínum skulu þeir halda vel við og hafa ávallt vel pressaðan. Lögreglustjóri eða þeir, sem hann felur það verk, skulu fylgjast með klæðaburði lögreglumanna og veita aðfinnslur, þegar klæðaburði er óbótavant eða hann er ekki í samræmi við reglur, sem gilda innan lögregluliðsins. Þess skal jafnan gætt að samræmi sé í klæðaburði, þar sem lögreglumenn eru að störfum. tveir eða fleiri, saman.
2. Lögreglumenn skulu ganga í einkennisfatnaði við störf sín.
3. Með samþykki lögreglustjóra er lögreglumönnum heimilt að vera án jakka, t. d. við akstur, við afgreiðslustörf inni við eða við einstök önnur tækifæri. Þeir skulu þá bera húfur sínar, nema inni við. Skyrtnur skulu þá vera með tveimur brjóstvösum með lokum, sem hneppt er með litlum einkennishnöppum, og axlarspælum.
4. Lögreglumenn á bifhjólum mega bera trefla við leðurjakka, en aðrir lögreglumenn mega einungis bera þá undir hlífðarfatnaði sínum.
5. Yfirlöggluþjónar og aðstoðaryfirlöggluþjónar mega vera óeinkennisklæddir við störf sín, enda sé það ákveðið í samráði við hlutaðeigandi lögreglustjóra.
6. Þegar lögreglumenn sinna sérstöku verkefnum, mega þeir, í samráði við yfirboðara sína, vera óeinkennisklæddir, en þá skulu þeir bera á sér lögglu-skilríki, til að sanna á sér heimildir.

7. Við opinberar móttökur og önnur hliðstæð tækifæri skulu lögreglumenn nota frakka I, nema annað sé sérstaklega tekið fram. Lögreglustjóri getur við slík tækifæri ákveðið, að allir lögreglumenn skuli klæddir hvítum skyrtum.
8. Aðstoðarmenn lögreglu skulu nota sérstakan einkennisfatnað, einkennishúfu eða lögreglumerki.
9. Lögreglustjórar geta gefið lögreglumönnum nánari fyrirmæli um klæðaburð, búnað, o. s. frv.

### III. Lögreglumerki, lögregluskilríki og einkennishnappar.

1. Lögreglumerkið er gyllt sexarma stjarna úr málm (lögregluskjöldur), 55 mm í þvermál, með áletruninni „Með lögum skal land byggja“, og á hringfleti í miðju merkinu er greypur skjöldur framan við tvö sverð.
2. Óeinkennisklæddir lögreglumenn skulu hafa sérstök skilríki, í leðurveski, þar sem fram kemur nafn, staða og ljósmynd, og skulu skilríkin undirrituð af lögreglustjóra. Skulu þeir fá afhent slík skilríki, meðan þeir gegna sérstöku verkefnum. Veski þessi skulu þannig útbúin, að í öðrum vasa þeirra skal vera fest lítið lögreglumerki, en í hinum vera unnt að smeygja inn korti með nafni og mynd viðkomandi lögreglumanns.
3. Einkennishnappar lögreglunnar eru kringlóttir, gylltir með upphleyptri mynd af merkinu „hönd og auga“. Þeir eru í tveimur stærðum. Þeir minni eru 16 mm í þvermál, en þeir stærri 21 mm í þvermál. Heimilt er þeim rannsóknarlögreglumönnum, yfirlögregluþjónum og öðrum, sem eiga annars konar merki, t. d. silfurmerki, að nota þau, meðan þeir gegna starfi.

### IV. Stöðueinkenni lögreglumanna.

1. Lögreglumenn, aðrir en þeir, er greinir í 2. lið, skulu bera númer til auðkenningar. Númerin, sem eru gyllt, 19 mm að hæð, skulu fest rétt ofan við vinstri brjóstvasa og á regnkápu v. megin í brjóstvasahæð.
 

Starfsaldur skal ráða röð númera, þannig að sá lögreglumaður, sem lengstan hefur starfsaldur, skal hafa lægsta númerið, sá með næstlengstan starfsaldur næstlægsta númerið o. s. frv. Þar sem starfsaldur er jafn, skal lífaldur ráða. Við hvert lögreglustjóraembætti skal vera aðeins ein númeraröð lögreglumanna, þannig, að engir tveir lögreglumenn beri sama númer. Endurskoða skal númeraröð lögreglumanna í upphafi hvers árs.
2. Aðstoðarvarðstjórar og aðrir lögreglumenn með hærra starfsstig skulu bera eftirtalin einkenni á einkennisfatnaði sínum:
  - a. Aðstoðarvarðstjóri skal bera sléttar, gylltar plötur, 24 mm x 10 mm að stærð, eina á hvorum axlarspæl og eina á hvoru jakkakragahorni.
  - b. Varðstjóri skal bera eitt lítið lögreglumerki 16 mm að þvermáli á hvorum axlarspæl og eitt á hvoru jakkakragahorni.
  - c. Aðalvarðstjóri skal bera stjórnú, 22 mm að þvermáli, á hvorum axlarspæl og eitt lítið lögreglumerki á hvoru jakkakragahorni.
  - d. Aðstoðaryfirlögregluþjónn skal bera tvær stjórnur á hvorum axlarspæl og eitt lítið lögreglumerki á hvoru jakkakragahorni. Ein gyllt rönd skal vera á hvorri jakkaermi.
  - e. Yfirlögregluþjónn skal bera þrjár stjórnur á hvorum axlarspæl og eitt lítið lögreglumerki á hvoru jakkakragahorni. Tvær gylltar rendur skulu vera á hvorri jakkermi.
3. Án sérstaks leyfis lögreglustjóra er lögreglumönnum óheimilt að bera með einkennisfatnaði bindindisnælur, barmmerki eða merki, önnur en þau sem hér greinir:
  - a. Heiðursmerki eða þjónustumerki eða táknræna borða þeirra.
  - b. Samtaka lögreglumanna.

Merki samkvæmt a-lið skulu borin samkvæmt merkjareglum, en merki samkvæmt b-lið skulu einungis borin við sérstök tækifæri.

#### V. Úthlutun einkennisfatnaðar.

1. Lögreglumenn í fullu starfi skulu fá afhentan ókeypis einkennisfatnað sem hér segir:
  - a. Fyrsta árið fái þeir tvenn einkennisföt, en síðan ein á ári. Með einkennisfötum er átt við einn jakka, eitt vesti, tvennar buxur, tvær skyrtur og eitt bindi.
  - b. Fyrsta árið fái þeir regnkápu, frakka II og loðhúfu. Síðan frakka I næsta ár og regnkápu þar næsta ár og úr því regnkápu annað hvert ár eða frakka II fjóðra hvert ár. Þeir fái eina húfu á ári, og fleiri, ef yfirmaður telur þörf á. Einkenni fái þeir eftir þörfum.
  - c. Lögreglumenn, er aka bifhjólum, skulu auk fatnaðar samkvæmt a og b liðum, fá sérstök föt til afnota, meðan þeir aka bifhjólum, og er úthlutun þeirra fata háð mati yfirmanns.
2. Héraðslögreglumenn skulu fá afhent ókeypis einkennisföt og húfur eftir ákvörðun lögreglustjóra. Húfumerki þeirra skulu ekki vera lögregluskildir, heldur merki hreppsstjóra, þ. e. skjaldarmerki.
3. Venjulegt viðhald einkennisfatnaðar greiða hlutaðeigandi lögreglumenn sjálfir. Þeir skulu þó fá greiddar tvær fatahreinsanir á ári, svo og aðrar hreinsanir á fötum, sem yfirmaður telur þörf á. Meiriháttar viðgerðir og tjón á fatnaði skal lögreglumönnum bætt.
4. Þegar lögreglumenn láta af störfum, skulu þeir skila þeim einkennisfatnaði, sem þeir fengu síðast afhentan. Ennfremur skulu þeir skila húfum, heltum, búnaði og einkennum. Einkennisfatnað, sem fastráðinn lögreglumaður hefur fengið afhentan, og hann hefur notað í meira en tvö ár, skal telja eign hans að liðnum tveimur árum frá afhendingu. Lögreglumönnum er óheimilt að nota eða afhenda fatnaðinn utan lögreglustarfs. Lögreglumenn, sem láta af störfum á reynslutíma (sem starfað hafa skemur en tvö ár eða ekki lokið síðara námskeiði lögregluskóla) skulu skila öllum fatnaði, búnaði og einkennum, sem þeir hafa fengið afhent.
5. Lögreglustjórar skulu útvega einkennisbúninga og annan búnað handa lögreglumönnum. Halda skulu þeir skrá yfir afhenta einkennisbúninga og afhent lögreglumerki og lögregluskilríki, og skulu lögreglumenn gæta þess, að þau lendi ekki í höndum óviðkomandi.
6. Einkennisfatnaður skal á hverjum tíma keyptur hjá þeim, sem dómsmálaráðuneytið vísar á, og skal fatnaður einungis afhentur gegn tilvísun viðkomandi lögreglustjóra. Ráðuneytið getur falið tiltekinni stofnun að annast um afhendingu fatnaðarins.

#### VI. Ýmis ákvæði.

1. Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 11. gr. laga um lögreglumenn, nr. 56 29. maí 1972., sbr. og 24. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, öðlast gildi 1. janúar 1981. Jafnframt falla úr gildi þau ákvæði reglugerðar nr. 145/1946, sem gilda um sérstaka löggæslumenn.
2. Dómsmálaráðuneytið úrskurðar um ágreiningsatriði, sem rísa kunna vegna túlkunar á reglugerð þessari.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 25. apríl 1980.*

**Friðjón Þórðarson.**

*Hjalti Zophoníasson.*